

## Fundur foreldrafélags Varmárskóla 5. september 2017 kl. 20:20 – 22:00

Mættir: Sigríður Ingólfsdóttir, Elísabet Jónsdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Elín María Jónsdóttir, Árný Elva Ásgrímsdóttir, Jón Þór Ragnarsson og voru vant við látin og komust ekki á fundinn.

### Viðfangsefni fundar:

1) Farið yfir verkefni í vinnslu:

| Plan<br>(undirbúningur<br>verkefnis,<br>upplýsingagjöf) | Do<br>(Innleiðing eða<br>framkvæmd verkefnis)   | Check / Act<br>(Staða tekin og<br>smærri atriði<br>aðlöguð) | Verklok<br>(upplýsingagjöf,<br>frágangur, mögulega<br>fagnað árangri) |
|---|---|---|---|
|   | Búa til aðgerðaráætlun vegna niðurstaðna samræmdra prófa (Þórunn, Sigríður Ingólfs, Björk Einis) Verklok: ótímasett |   |   |
|   | Rýna mögulega þróun á FGMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett   |   |   |
|   | Virkja bekkjarfulltrúa: 10. ágúst – 1. okt  |   |   |

Bjóða 1. bekkinga velkomna í skólann, verklok 5. sept:

- Verkefni lokað á þessum fundi með rýni á hvernig til tókst. Krakkarnir fengu buffin og það var nýtsamleg gjöf, þrátt fyrir að bærinn hafi gefið öllum börnum á leik og grunnskólaaldir buff í litum síns hverfis í tilefni 30 ára afmæli bæjarins. Ákveðið að gefa 1. bekk buff aftur að ári. Og ákveðið að senda upplýsingar til allra foreldra með tölvupósti um að grænu buffin hafi verið glaðningur til nemenda 1. bekkja skólans.

Sendu haustkveðju til starfsmanna (Beta og Sigríður) Verklok: 10. Sept:

- Verkefni lokað á þessum fundi með rýni á hvernig til tókst. Gaman að heyra að mikil ánægja meðal starfsmanna með sendinguna.

Virkja bekkjarfulltrúa

- Umræður um hversu ánægjulegt var að sjá hversu margir buðu sig fram sem bekkjarfulltrúar í öllum árgöngum.
- Leiðbeiningar fyrir bekkjarfulltrúa rýndar sem Sigríður lagði fram. Frábært að fá þessar leiðbeiningar og rætt hversu vel þær eigi eftir að nýtast í bekkjarfulltrúastarfinu.
- Skemmtifundur bekkjarfulltrúa skipulagðir eftir stigum þannig að bekkjarfulltrúar hittast í sal eldri deildar:
  - o 5.-7. bekkir fimmtudaginn 7. Sept kl. 20:00-21:30
  - o 1.-4. bekkir þriðjudaginn 12. sept kl. 17:30 – 19:00
  - o 8.-10. bekkir þriðjudaginn 12. sept kl. 20:00 – 21:30
- Dagskrá skemmtifundarins
  - o Allir merkja sig með límmiðum og velja sér sæti

- Farið yfir hlutverk bekkjarfulltrúa – Þórunn og Beta
- Umræður um hvaða bekkjarskemmtanir hafa gengið vel og hvaða hafa ekki gengið vel
- Viðburðir vetrarins skipulagðir í hverjum bekk fyrir sig
- Ef margir vilja nýta hugmyndina um að hafa einn viðburð í Lágafellslaug – punkta niður dagsetningar svo tveir bekkir rekist ekki á
- Hóparnir segja frá í lokin hvað þeir hafa sett á dagskrá
- Sagt frá seinni fundi bekkjarfulltrúa á þessu skólaári sem verður í sal eldri deildar
  - 5.-7. bekkja fimmtudaginn 11. jan kl. 20:00-21:30
  - 1.-4. bekkja þriðjudaginn 16. sept kl. 17:30 – 19:00 í
  - 8.-10. bekkja þriðjudaginn 16. sept kl. 20:00 – 21:30
- Ákveðið að bjóða upp á veitingar til að fagna því að bekkjarfulltrúar séu að hittast og skipuleggja saman.

Fleira ekki rætt á þessum fundi, umræður um hvernig við viljum að fundargerðirnar okkar séu og hvort við getum lagt okkar af mörkum til að auka hjálmanotkun á vespum geymt fram að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 22:00.

#### **Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:**

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
  - Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
  - Kemur með hugmyndir fyrir skólann
  - Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
  - Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólastarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn
- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

#### **Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:**

- Lokið: Bjóða 1. bekkinga velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. ágúst
- Lokið: Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. Sept
- Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- Jólabingó 15. okt- 10. des
- Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní

- Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní